

STARFSREGLUR STJÓRNAR

ACRO verðbréf hf.

1. Tilgangur

- 1.1 Reglur þessar, skv. 4. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálfyrirtæki, eru settar í þeim tilgangi að efla trúverðugleika ACRO verðbréfa hf. (hér eftir „félagið”), með því að staðreyna að eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir séu viðhafðir í starfsemi þess.
- 1.2 Þá er tilgangur þessara reglna að ákvarða verkaskiptingu stjórnar félagsins sem og önnur störf hennar og samskipti, m.a. í þeim tilgangi að koma í veg fyrir hagsmunárekstur í starfi.

2. Kjör stjórnar, verkskipting og störf

- 2.1. Stjórn skal kjörin á árlegum aðalfundi félagsins til eins árs í senn. Kosnir skulu þrír menn og tveir til vara.
- 2.2. Þegar að loknum aðalfundi skal nýkjörin stjórn félagsins koma saman og skipta með sér verkum.
- 2.3. Formaður stjórnar stýrir fyrsta fundi hafi hann verið kjörinn sérstaklega en ella fráfarandi formaður hafi hann verið endurkjörinn en ella sá stjórnarmaður sem hefur lengsta stjórnarsetu að baki. Hafi enginn stjórnarmaður átt sæti í stjórn félagsins áður stýrir aldursforseti fyrsta fundi.
- 2.4. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður kosningu í stöður stjórnar skv. 7.4. gr. samþykkta félagsins.
- 2.5. Ef fleiri en einn fá jafnmörg atkvæði skal hlutkesti ráða.
- 2.6. Hlutverk stjórnar samkvæmt samþykktum félagsins er:
 - 1) Að ráða framkvæmdastjóra, ákveða laun hans og ráðningarkjör, setja honum erindisbréf og hafa eftirlit með störfum hans.
 - 2) Að hafa stöðugt og ítarlegt eftirlit með öllum rekstri félagsins og sjá um að skipulag þess og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Sérstaklega skal hún annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.
 - 3) Að koma fram fyrir félagsins hönd fyrir dómstólum og stjórnvöldum.
 - 4) Að hafa samstarf við framkvæmdastjóra um ráðningu annarra helstu starfsmanna félagsins.

- 5) Að skera úr ágreiningi, sem upp kynni að koma milli framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna.
 - 6) Að ákveða hver eða hverjir skuli skuldbinda félagið.
- 2.7 Undirskrift meirihluta stjórnarmanna þarf til að skuldbinda félagið. Mikilvægar ákvarðanir, svo sem kaup og sala fasteigna og sambærilegar fjárfestingar má þó ekki taka nema allir stjórnarmenn hafi haft tök á að fjalla um málið.
- 2.8 Stjórnarmenn skulu kynna sér lög og reglur er um starfsemina gilda hafa skilning á hlutverki og ábyrgð sinni sem stjórnarmenn. Þeir skulu hver um sig og saman búa yfir nægilegri þekkingu, reynslu og hæfni til að geta gengt stöðu sinni. Stjórnarmenn skulu þekkja starfsemi og innviði félagsins og skulu sjá til þess að þeir hafi ávallt nægan tíma til að sinna stjórnarstörfum sínum.
- 2.9 Stjórn skal árlega fjalla um með hvaða hætti hún skilgreinir hlutverk sitt.

3. Fundir, boðun og fundargerðir

- 3.1. Formaður boðar til stjórnarfunda með sannanlegum hætti og leggur fram dagskrá hvers fundar, eigi síðar en tveimur dögum fyrir fund.
- 3.2. Formanni er skyldt að boða til fundar ef einhver stjórnarmanna eða framkvæmdastjóri krefst þess.
- 3.3. Formaður stýrir fundum og ber ábyrgð á að fundargerðarbók sé færð. Sérhver stjórnarmaður getur krafist bókunar. Endanleg fundargerð skal liggja fyrir til samþykktar í upphafi næsta stjórnarfundar.

3.4 Í fundargerðarbók skal m.a. skrá eftirfarandi:

- 1) Hvar og hvenær fundurinn er haldinn, hvenær hann hefst og hvenær honum lýkur.
- 2) Númer stjórnarfundar.
- 3) Hverjir sitja fundinn og hver stýri honum.
- 4) Bókun á því þegar utanaðkomandi aðilar koma inn á fund og þegar þeir yfirgefa fundinn.
- 5) Dagskrá fundarins.
- 6) Fundargögn sem voru afhent eða sýnd fyrir eða á fundinum.
- 7) Stutta skýrslu um umræður á fundum og hvaða ákvarðanir hafa verið teknar.
- 8) Hafi ákvarðanir verið teknar milli funda skal tiltaka í fundargerð með hvaða hætti ákvarðanir sem tekna hafa verið á milli stjórnarfunda voru tekna.
- 9) Fyrirspurnir stjórnarmanna á fundum og á milli funda ásamt svörum við þeim. Hvenær og hvar næsti stjórnarfundur verður haldinn.



- 10) Hver hafi ritað fundargerðina.

4. Lögmæti ákvarðana

- 4.1. Stjórn félagsins fer með æðsta vald í öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda, sbr. gr. 7.5 í samþykktum félagsins og gætir hagsmuna þess í hvívetna.
- 4.2. Stjórn skal virða ákvæði laga um fjármálafyrirtæki, sér í lagi reglur um bankaleynd. Enn fremur skal hver stjórnarmaður kynna sér og virða starfs- og verklagsreglur félagsins.
- 4.3. Stjórnarfundur eru lögmætir ef tveir stjórnarmenn sækja fund.
- 4.4. Undirskrift tveggja stjórnarmanna skuldbindur félagið.
- 4.5. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður niðurstöðu allra mála. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

5. Ráðning og störf framkvæmdastjóra

- 5.1. Stjórn skal ráða framkvæmdastjóra og ákveða starfskjör hans. Hún veitir prókúruumboð fyrir félagið.
- 5.2. Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða daglegan rekstur þess. Framkvæmdastjóri sér um reikningshald og ráðningu starfsliðs.
- 5.3. Framkvæmdastjóri skal veita stjórnarmönnum, endurskoðendum og skoðunarmönnum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum. Í því felst m.a.
 - 1) Framkvæmdastjóri skal reglulega leggja fram og kynna skýrslu um rekstur félagsins.
 - 2) Framkvæmdastjóri skal kynna árhlutauppgjör fyrir stjórn eigi síðar en tveimur mánuðum frá lokum hvers uppgjörstímabils.
 - 3) Framkvæmdastjóri skal ásamt endurskoðanda félagsins kynna endurskoðað uppgjör félagsins fyrir stjórn.
- 5.4. Framkvæmdastjóra er óheimilt að starfa annars staðar en hjá féluginu nema með leyfi stjórnar. Honum er þó heimilt að taka að sér störf við félagsstarfsemi svo sem íþróttafélaga, fyrirlestra eða kennslu án leyfis stjórnar. Hann skal þó ávallt tilkynna stjórn um slík störf sem hann hyggst taka að sér. Framkvæmdastjóri skal hafa heimild til að samþykka álíka verkefni sem starfsmenn félagsins taka að sér og skal þá tilkynna stjórn um slíkt.



6. Endurskoðendur

- 6.1. Stjórn er skylt að veita endurskoðendum eða skoðunarmönum aðgang að öllum eignum, bókum, fylgiskjölum og öðrum gögnum félagsins sbr. gr. 9.3 í samþykktum félagsins. Stjórn skal jafnframt veita allar upplýsingar sem það getur látið í té og farið er fram á af endurskoðendum eða skoðunarmönum.
- 6.2. Kjörnir endurskoðendur skulu skrá hvernig þeir vinna sína endurskoðunarvinnu og annað sem máli skiptir.
- 6.3. Endurskoðendur skulu sérstaklega gefa því gaum hvort ársreikningur félagsins og fylgiskjöl hans eru í samræmi við lög, reglur, samþykktir og góða reikningsskilavenju og benda stjórn á hvort svo sé.

7. Hagsmunatengsl

- 7.1. Einstakir stjórnarmenn skulu upplýsa stjórn um þá aðila sem tengjast þeim hagsmunatengslum, hvort sem er tengsl eru persónuleg eða fjárhagsleg. Hjá féluginu skulu ávallt liggja fyrir uppfærðar, skriflegar upplýsingar um þá aðila sem tengjast stjórnarmönum. Upplýsingar skv. þessari grein skulu vera aðgengilegar á stjórnarfundum.
- 7.2. Stjórnarmönum er óheimil þátttaka í meðferð mála er varða: a) viðskipti þeirra sjálfrar b) viðskipti fyrirtækja sem þeir eiga beinan eða óbeinan eignarhlut í, sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga verulegra hagsmuna að gæta í c) aðila sem teljast venslaðir þeim með öðrum hætti d) samkeppnisaðila stjórnarmanna eða aðila þeim tengdum
- 7.3. Teljist stjórnarmaður hafa hagsmunatengsl skv. þessari grein eða vanhæfur vegna annarra atvika, skal hann ekki fá aðgang að gögnum er varða afgreiðslu viðkomandi máls. Stjórnarmaður skal þá víkja af fundi við umræður og afgreiðslu málsins.
- 7.4. Formaður eða framkvæmdastjóri geta krafist þess að stjórnarmaður víki sæti áður en efni máls er kynnt og gögn afhent telji þeir stjórnarmann vanhæfan til meðferðar máls.
- 7.5. Stjórn tekur ákvörðun um hæfi stjórnarmanna skv. ákvæðum laga um hlutafélög nr. 2/1995
- 7.6. Bóka skal í fundargerð að stjórnarmaður hafi vikið sæti og ekki fengið aðgang að gögnum.

8. Ákvarðanataka um einstök viðskipti

- 8.1. Stjórn félagsins er óheimil þátttaka í ákvörðunum um einstök viðskipti, nema umfang þeirra sé verulegt miðað við stærð fyrirtækisins.
- 8.2. Einstakir stjórnarmenn skulu ekki hafa afskipti af ákvörðunum um einstök viðskipti.



9. Upplýsingagjöf til stjórnar

- 9.1. Upplýsingagjöf til stjórnarmanna um viðskiptavini og einstök viðskipti skal eingöngu fara fram í gegnum stjórn félagsins. Svör við fyrirspurnum skulu ávallt kynnt á fundum stjórnar en ekki einungis fyrir þeim stjórnarmanni sem bar upp fyrirspurnina. Fyrirspurnir og svör skulu bókuð í fundargerð.
- 9.2. Stjórnarmönnum er óheimilt að hafa beint samband við starfsmenn til upplýsingaöflunar.

10. Fyrirgreiðslur til venslaðra aðila

- 10.1. Stjórn skal leggja fyrir endurskoðendur eða skoðunarmenn félagsins að fara með reglubundnum hætti yfir fyrirgreiðslur til venslaðra aðila, m.a. með tilliti til kjara, endursamninga og stöðu og bera saman við sambærileg viðskipti annarra viðskiptavina og gefa rökstutt álit.
- 10.2. Með fyrirgreiðslu er átt við lánveitingar og veittar ábyrgðir til venslaðra aðila, svo og aðrar skuldbindingar venslaðra aðila gagnvart viðkomandi fjármálfyrirtæki, svo sem sölutyrggingar og framvirka samninga. Ekki er eingöngu átt við veittar fyrirgreiðslur á tímabilinu, heldur einnig meðferð á skuldbindingum sem þegar hefur verið stofnað til, svo sem vegna vanskila, breytinga á skilmálum og tryggingum, skuldbreytingum o.fl. þess háttar.
- 10.3. Venslaðir aðilar teljast þeir sem hafa þannig tengsl við félagið að fyrirgreiðsla til þeirra eða fyrirtækja þeim tengdum kann að vera tortryggileg vegna hagsmunaárekstra.
- 10.4. Til venslaðra aðila geta t.d. talist: a) aðal- og varamenn í stjórn félagsins, dótturfélaga og tengdra félaga, stjórnendur, lykilstarfsmenn og makar, börn og foreldrar þessara aðila. b) hluthafar sem eiga með beinum eða óbeinum hætti 5% eignarhlut eða stærri í féluginu eða teljast til eins af tíu stærstu hluthöfum þess. c) fyrirtæki sem aðilar skv. a. og b. lið eiga að minnsta kosti 10% hlut í, starfa hjá eða gegna stjórnarstöðum fyrir.

11. Meðferð viðskiptaerinda stjórnarmanna

- 11.1. Öll viðskiptaerindi stjórnarmanna eða aðila sem þeim tengjast skulu lögð fyrir stjórn fyrirtækisins, eða formann stjórnar til samþykktar eða synjunar.

12. Seta í stjórnum dótturfélaga og hlutdeildarfélaga

- 12.1. Telji stjórn rétt að stjórnarmaður taki sæti í stjórn dóttur- eða hlutdeildarfélags skal við slíka ákvörðun fjalla ítarlega um áhrif stjórnsetunnar á eftirlitshlutverk viðkomandi stjórnarmanns og um nauðsyn þess að hann taki sæti í þeirri stjórn.



12.2 Árlega skal stjórn, að fenginni tillögu framkvæmdastjóra, taka ákvörðun um hvaða félög skulu falla undir þessa grein.

13. Þagnarskylda, bóta- og refsiábyrgð

- 13.1 Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri, endurskoðandi, starfsmenn og hverjir sem taka að sér verk í þágu félagsins eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfs síns og varða viðskipta- eða einkamálefni viðskiptamanna félagsins, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.
- 13.2 Þegar stjórnarmaður hættir störfum skal hann sjá um að gögn, sem hann hefur móttekið í sambandi við stjórnarstörf sín, komist ekki í hendur óviðkomandi aðila.

14. Móttaka og fræðsla nýrra stjórnarmanna

- 14.1 Nýir stjórnarmenn þurfa að fá greinargóðar upplýsingar um félagið og starfsemi þess í kjölfar kosningar þeirra. Nýr stjórnarmaður skal að jafnaði fá upplýsingar um;
- 1) Starfsemi félagsins.
 - 2) Afurðir og þjónustu.
 - 3) Stefnumótun og viðskiptaáætlun.
 - 4) Áhættustýringu og viðhorf til áhættu.
 - 5) Störf undirnefnda.
 - 6) Störf og valdsvið framkvæmdastjóra
- 14.2 Nýr stjórnarmaður skal fá afhent helstu gögn sem varða félagið svo hann geti kynnt sér starfsemi þess og þau lög og reglur sem gilda um fjármálfyrirtæki. Eftirfarandi gögn eru gagnleg fyrir nýja stjórnarmenn:
- 1) Samþykktir félagsins.
 - 2) Starfsreglur stjórnar.
 - 3) Starfsáætlun stjórnar.
 - 4) Leiðbeiningar um aðgengi að reglum félagsins.
 - 5) Fundargerðir stjórnar síðasta árið.
 - 6) Fjárhagslegar upplýsingar.
 - 7) Skipurit.
 - 8) Yfirlit um gildandi lög og reglur er varða starfsemi félagsins.
 - 9) Síðasti ársreikningur og árshlutareikningur.
 - 10) Skýrslur og bréf frá innri og ytri endurskoðendum.



- 14.3. Nýr stjórnarmaður á rétt á kynningarfundi með aðilum sem þekkja félagið vel og geta svarað spurningum hans, t.d. forstjóra, stjórnarformanni og innri endurskoðanda.

Samþykkt af stjórn ACRO verðbréfa hf. þann 10. ágúst 2021